

STJÓRNARTÍÐINDI A 27 – 1993

21. desember 1993

501

Nr. 114

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um breytingar á reglugerð
um Stjórnarráð Íslands, nr. 96 31. desember 1969,
með síðari breytingum.

Forseti Íslands hefur hinn 21. desember 1993 samkvæmt tillögu forsætisráðherra staðfest eftirfarandi reglugerð um breytingar á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96 31. desember 1969, með síðari breytingum:

1. gr.

Á eftir 4. tölul. A-liðar 4. gr., sbr. 1. gr. reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari nr. 27 7. apríl 1993, komi nýr töluliður, 5. tölul., er hljóði svo:

5. Vernd barna og ungmenna.

2. gr.

Í stað orðanna „Atvinnujöfnunarsjóð og atvinnubætur“ í 2. tölul. C-liðar 4. gr. komi: atvinnuleysistryggingar.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 7. gr.:

a. 9. tölul. hljóði svo:

9. Hvers konar tryggingar, þó ekki atvinnuleysistryggingar.

b. Á eftir 10. tölul. komi nýr töluliður, 11. tölul., er hljóði svo:

11. Vátryggingastarfsemi.

4. gr.

Í 10. gr. falli brott 10. tölul. Töluliðir 11 og 12, sbr. 3. gr. reglugerðar um breytingu á reglugerð þessari nr. 27 7. apríl 1993, breytist í samræmi við það í töluliði 10 og 11.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, öðlast gildi 1. janúar 1994.

Forsætisráðuneytið, 21. desember 1993.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.